

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 233/2017

2019/EES/80/25

frá 15. desember 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/959 frá 24. febrúar 2017 um flokkun á nothæfi að því er varðar lárétta botnfellingu og skammtímavatnsdrægni varmaeinangrunarvara sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI) samkvæmt EN-staðli 15101-1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzj (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1zzk. **32017 R 0959**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/959 frá 24. febrúar 2017 um flokkun á nothæfi að því er varðar lárétta botnfellingu og skammtímavatnsdrægni varmaeinangrunarvara sem mótaðar eru á notkunarstað úr lausum sellulósa (LFCI) samkvæmt EN-staðli 15101-1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 145, 8.6.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/959, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 8.6. 2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.